

## Mál nr. 7

### ÍR gegn Leiknir R.

#### Dómkröfur

Leikur frá 17. júlí 2007, Leiknir-ÍR, 2. flokkur karla dæmdur tapaður (0-3), varakrafa, leikur endurtekinn

#### Málavextir

Leikur hófst kl 20:00 með 1 dómara, án 2ja aðstoðardómara eins og lög kveða á um. Gerð var athugasemd áður en leikur hófst, án árangurs.

#### Tilvísun

19. grein knattspyrnulaganna, liður 3, kveður skírt á um 2 aðstoðardómara í Íslandsmóti í 2. flokki karla.

#### Röksemdir

Nauðsynlegt er að íþróttinni sé sýndur sá sómi er lög og reglur kveða á um, jafnvel þótt 2. flokkur eigi í hlut. Við reynum eftir fremsta megni að manna dómgæslu á viðeigandi hátt allt niður í 4. flokk. Við væntum þess að okkur sé sýnd sama virðing. Taka ber fram að dómari leiksins dæmdi leikinn mjög vel.

#### Sönnunargögn

Vísað er í leikskýrslu fyrir umræddan leik, þar sem fram kemur að 2 aðstoðardómarar eru skráðir. Allir er viðstaddir voru geta borið vitni um að þeir voru ekki til staðar. Á leikskýrslu sést greinilega að nöfnum þeirra hefur verið bætt inn á með blýanti eftir leik. Þeir voru ekki til staðar á línunni á meðan leikur fór fram, þannig að greinilegt er að skýrslan er fölsuð.

#### Vitni

Nafn: Karl Arthúrsson

Kennitala: 070350-4599

Heimilisfang: Engjasel 57, 109 R

Nafn: Eyjólfur Þórðarson

Kennitala: 140862-5259

Heimilisfang: Engihjalli 25, 200 Kóp

Reykjavík, 24. júlí 2007

Íþróttafélag Reykjavíkur,  
f.h. Harðar Heiðars Guðbjörnssonar

Örn Baldursson, skrifstofustjóri (sign)

### **Greinargerð Leiknis R.**

#### **Dómkröfur:**

Úrslit leiks Leiknis og ÍR í 2.flokki karla sem háður var þann 17.júlí, skuli standa óhögguð.

#### **Málavextir:**

Íþróttafélag Reykjavíkur knattspyrnudeild hefur lagt fram kæru vegna leiks Leiknis og ÍR í 2.flokki karla þann 17.júlí síðastliðin. ÍR byggir kæru sína á að engir aðstoðardómarar hafi verið á leiknum og það sé samkvæmt 19.grein laga, lið nr 3, óheimilt.

Íþróttafélagið Leiknir harmar þau leiðu misstök sem urðu þess valdandi að engir voru aðstoðardómarar á Leiknum. En misskilningur einn milli aðila varð þess valdandi að það gleymdist að setja menn á leikinn. Það er algerlega óvæfengjanlegt að engir aðstoðardómarar hafi verið á línunum, um það skal ekki karpað.

Knattspyrnudeild Leiknis þvertækur aftur á móti fyrir að að ÍR ingar hafi gert athugasemd fyrir leik vegna þess að það vantaði aðstoðardómara. Framkvæmdarstjóri Leiknis, formaður, og fulltrúar úr mfl ráði Leiknis voru staddir á vellinum og barst engin kvörtun þeim til eyrna. Sjálfum dómara leiksins, Gunnari Jarli Jónssyni var ekki kunnugt um hvort það kæmu aðstoðardómarar og þegar leikur átti að hefjast var sýnt að engir aðstoðardómarar yrðu. Því var farið af stað með það að leika leikinn án aðstoðardómara. Sigurður Þórir Þorsteinsson vék sér að Gunnari þegar leikur átti að hefjast og spurði hvort það yrðu línuverðir, svaraði Gunnar því neitandi, sér sýndist ekki svo vera. Spurði Sigurður Þórir þá hvort það væri skylda þá svaraði Gunnar því til að hann væri ekki viss, en héldi að svo væri ekki, það væri bara æskilegt. Þar með gekk Sigurður Þórir af braut og lét þar við sitja.

Leikurinn var svo leikinn og þótti afar vel dæmdur, reyndar svo að sérstaklega er kveðið að því í kærinni. Vafaatriði vegna rangstöðu og annars slíks komu ekki fyrir og leikurinn heiðarlega leikinn í hvívetna. Um þetta eru bæði lið sammála og mjög sjaldan sem slíkt er í leikjum í C riðli 2.flokks karla. Því harmar Knattspyrnudeild Leiknis að ÍR ingar skuli kæra leik þar sem heiðarleikinn var í fyrirrúmi vegna framkæmdar sem hafði ekki áhrif á úrslit né framgang leiksins. Það afsakar aftur ekki þau skelfilegu vinnubrögð að engir aðstoðardómarar hafi mætt til leiks.

Tilvísun til þeirra laga sem og reglugerða sem byggt er á í málinu:

Knattspyrnudeild Leiknis ber fyrir sig reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar segir í 4.grein tölulið 4.1 *..Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara,*

*boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrof.*

Knattspyrnudeild Leiknis ber ennfremur fyrir sig reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál en þar segir í grein 7.2 lið: *Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:*

*7.2.1: Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang*

**Rök knattspyrnudeildar Leiknis(lýsing á helstu röksemdum):** Knattspyrnudeild Leiknis ber fyrir sig reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en þar segir í 4.grein tölulið 4.1 *..Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrof.*

Samkvæmt ofangreindum rökum hefðu ÍR ingar átt að gera fomleg mótmæli fyrir leik en ekki leika leikinn og sjá svo til með úrslit hans og kæra í framhaldi. Tulkum við ekki orð Sigurðar Þóris á þá leið að um mótmæli hafi verið að ræða heldur einfaldlega spurning um hvort að aðstoðardómarar yrðu á leiknum. Því má að framangreindu sjá að engin mótmæli voru að hálfu ÍR inga fyrir leik og fer því knattspyrnudeild Leiknis fram á að kæru knattspyrnudeildar ÍR verði vísað frá og úrslit úr umræddum leik standi. Vísuð við í dóm í hliðstæðu máli þar sem Haukar kærðu Þrótt vegna framkvæmds leiks í 1.deild kvenna mál nr 11 árið 2006.

Að auku ljáist ÍR ingum í kæru sinni á hendur Leikni að nefna faxnúmer og símanúmer félagsins en slíkt er skylda þegar kært er. Vísuð við í 2mg. 7.2 grein laga um Reglugerð KSÍ um aga og úrskurðarmál.

*7.2 Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:*

*7.2.1 Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.*

*7.2.2 Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.*

*7.2.3 Nafn fyrirvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.*

*7.2.4 Skýr kröfugerð.*

*7.2.5 Lýsing helstu málavaxta.*

*7.2.6 Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.*

*7.2.7 Lýsing á helstu röksemdum.*

*7.2.8 Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.*

*7.2.9 Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.*

Ljóst má vera að kæra knattspyrnudeildar ÍR fullnægir ekki kröfum sem lög KSÍ kveða á um til að kæra til nefndarinnar. Því ennfremur fer knattspyrnudeild Leiknis fram á að kæru á hendur henni frá ÍR knattspyrnudeild verði vísað frá.

**Sönnunargögn(helstu gögn sem fylgja greinargerð Leiknis):**

Afrit af kæru ÍR inga á hendur Leikni knattspyrnudeild. Þar sem gleymist að setja inn símanúmer og faxnúmer félagsins við kæranda.

**Upptalning á vitnum;**

Elvar Geir Magnússon 697-7565  
Oscar Clausen 861-8466  
Gunnar Jarl Jónsson dómari leiksins 865-3338.

Reykjavík, 1.ágúst 2007  
Leiknir Reykjavík, knattspyrnudeild

---

Pórður Einarsson

### Úrskurður Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2007, miðvikudaginn 22. ágúst, er haldinn fundur í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Þresti Ríkharsyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 7/2007  
Íþróttafélag Reykjavíkur  
gegn  
Leikni

Gögn málsins merkt nr. 1-4 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

### ÚRSKURÐUR:

Kærandi: Íþróttafélag Reykjavíkur  
kt. 560284-0399  
Skógarseli 12  
109 Reykjavík

Kærði: Leiknir, knattspyrnudeild  
kt. 690476-0299  
Austurbergi 1,  
111 Reykjavík

**Dómkröfur:** Íþróttafélag Reykjavíkur krefst þess að úrslitum í leik félagsins við Leikni í 2. flokki karla, sem leikinn var 17. júlí 2007 verði breytt og Íþróttafélagi Reykjavíkur dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna. Til vara er þess krafist að leikurinn verði endurtekinn. Kærði krefst þess að úrslit leiksins standi óhögguð.

**Málsatvik og varnir:** Kærandi lýsir málavöxtum þannig að ofangreindur leikur Íþróttafélags Reykjavíkur og Leiknis hafi verið leikinn með einum dómara, án tveggja aðstoðardómara eins og lög kveði á um. Gerð hafi verið athugasemd áður en leikur hófst án árangurs.

Kærandi vísar til 19.gr. 3.tl. knattspyrnulaga þar sem kveðið sé skýrt á um að tveir aðstoðardómarar skuli vera í leikjum í Íslandsmóti 2. flokks karla.

Röksemdir kæranda eru þær að nauðsynlegt sé að íþróttinni sé sýndur sá sómi er lög og reglur kveða á um, jafnvel þótt 2. flokkur eigi í hlut.

Kærandi vísar til leikskýrslu fyrir umræddan leik þar sem fram kemur að tveir aðstoðardómarar eru skráðir með býanti þrátt fyrir að engir aðstoðardómarar hafi verið til staðar og því sé skýrslan fölsuð.

Kærði staðfestir í greinargerð sinni að ofangreindur leikur hafi farið fram án aðstoðardómara. Hins vegar er því hafnað að kærandi hafi gert athugasemd fyrir leik vegna þessa. Einungis að dómari leiksins hafi verið spurður að því af forsvarsmanni kæranda hvort ekki væri skylda að hafa aðstoðardómara, en dómari svarað því til að hann væri ekki viss, héldi svo ekki vera, það væri bara æskilegt. Hafi forsvarsmáður kæranda látið þar við sitja.

Kærði vísar máli sínu til stuðnings í 4. gr. 1.tl reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvirkjandi framkvæmd leiksins skulu borin fram við dómara fyrir leik af fararstjórn eða fyrirliða, ella hafi leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbot. Samkvæmt því hafi kærandi átt að bera fram formleg mótmæli fyrir leik.

Kærði vísar einnig til 7.gr.2.tl. reglugerðar KSÍ um aga og úrskurðarmál þar sem fram kemur að í kæru skuli koma fram faxnúmer og símanúmer kæranda en það hafi láðst að geta þessara atriða í kæru. Því beri að vísa kærinni frá.

**Niðurstaða:** Í máli þessu er óumdeilt að engir aðstoðardómarar dæmdu umræddan leik. Dómari leiksins hefur gefið skýrslu og þar kemur fram að engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu kæranda áður en leikur hófst, einungis spurst fyrir um hvort aðstoðardómarar myndu dæma og hvort slíkt væri skylda.

Þessi framburður dómara nýtur stuðnings í frásögn forráðamanna kærðu í málinu.

Í 38.gr. 1. tl. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir: "Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, stærð knattar eða annað viðvirkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af forráðamanni eða fyrirliða, ella hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbot". Þessi regla er mjög skýr. Gegn andmælum kærða og dómara leiksins verður ekki fallist á að kæranda hafi tekist að færa sönnur á það að athugasemdum hafi verið komið á framfæri við dómara fyrir leik. Verður því ekki fallist á kröfu kæranda.

Úrslit leiks Leiknis og Íþróttafélags Reykjavíkur í 2. flokki karla sem fram fór þann 17. júlí 2007 skulu standa óhögguð.

Það er mjög ámælisvert í máli þessu að á leikskýrslu umrædds leiks voru skrifuð nöfn tveggja aðstoðardómara þrátt fyrir að engir slíkir hafi dæmt umræddan leik, en heimaliðið, kærði í máli þessu, ber ábyrgð á skilum á leikskýrslum.

**Úrskurðarorð:**

Úrslit í leik Leiknis og Íþróttafélags Reykjavíkur í 2. flokki karla sem fram fór þann 17. júlí 2007 skulu standa óhögguð.

-----  
Kolbeinn Árnas

-----  
Helgi R. Magnússon

-----  
Þróstur Ríkhartsson